

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárn.</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.10.-16.10.11	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	17.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea var. Ita.)	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	68
0706.9002	Rauðrófur	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni Agaricus	01.10.-30.06.12	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. júní 2012.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. september 2011.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Nordmann.*